

Alþingi
Erindi nr. P 138/2419
komudagur 18.5. 2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010
2010040011/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um skeldýrarækt (heildarlög), 522. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um skeldýrarækt (heildarlög), 522 mál.

Náttúrufræðistofnun telur að styrkja þurfi lagaramma um ræktun kræklinga og annarra lindýra og er að því leyti fylgjandi þessu frumvarpi. Stofnunin telur hins vegar að frumvarpið þarfnist nokkurrar lagfæringa. Helstu athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við frumvarpið eru eftirfarandi.

Hugtakið skeldýr er illa skilgreint í frumvarpinu og ósamræmi í notkun þess. Í 8. tl. 3. gr. er hugtakið skeldýr skilgreint sem *flokkur lindýra sem hefur um sig skel*. Í 2. gr. um gildissvið frumvarpsins segir hins vegar að það taki til ræktunar skeldýra, en að *ákvæði laganna gilda einnig um skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla*. Nú eru möttuldýr og sæsniglar lindýr með skel og ættu þess vegna að tilheyra flokki skeldýra samkvæmt skilgreiningunni. Málið verður snúnara þegar athugasemdir við frumvarpið eru lesnar, en þar segir m.a. að verið sé að *setja lög um skeldýrarækt sem munu þá einnig gilda um kræklingarækt*. Skýra þarf betur til hvaða hryggleysingja frumvarpið taki til og gera það með skiljanlegum hætti.

Nokkrar aðrar skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins eru illskiljanlegar og flauturslega unnar. Þannig er hugtakið *ræktun* t.d. skilgreint í 6. tl., en í 9. tl. er hugtakið *skeldýrarækt* skilgreint með nákvæmlega sama hætti. Í 7. tl. er hugtakið *ræktunarsvæði* skilgreint sem svæði sem skeldýraræktarfyrirtæki (orðskrípi) *ræktar skeldýr og dýr sem ekki eru fóðruð* ... Hvernig ber að skilja orðin *og dýr* í þessu samhengi?

Er virkilega þörf á að skilgreina hugtakið *skeldýraræktarstöð* sem *afmarkað svæði eða mannvirki þar sem skelræktarfyrirtæki ræktar skeldýr* ?

Um framleiðslusvæði segir í 2. tl.: *Sjávarsvæði, ármynni eða lón þar sem er að finna náttúruleg skeldýr eða svæði sem eru notuð til að rækta skeldýr og þaðan sem lifandi skeldýr eru tekin*. Hér virðist einfaldlega skellt saman í eina skilgreiningu náttúrulegum svæðum með náttúruleg skeldýr og ræktunarsvæðum. Hvaða svæði eru þá framleiðslusvæði? Er það



öll strandlengja Íslands þar sem finnast náttúruleg skeldýr?

Tengingu virðist vanta við t.d. lög um náttúruvernd. Ekkert er t.d. fjallað um flutning tegunda eða stofna skeldýra milli hafsvæða. Jafnframt segir í 5. gr.: *Ráðherra er heimilt, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, að ákveða samkvæmt lögum þessum skipulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins. Ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunarsvæða.* Er það svo að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á að geta ákveðið þessi svæði eingöngu með því að leita umsagna? Ekki ber að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar skv. þessari grein?

Í 7. gr. frumvarpsins um tilraunaleyfi er kveðið á um í 2. mgr. að Matvælastofnun skuli leita umsagna þriggja aðila áður en tilraunaleyfi er veitt um hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum á svæðinu vegna starfseminnar. Enginn þessara þriggja aðila heyrir til ráðuneytis umhverfismála, en eðlilegt er að stofnanir þess veiti umsögn um þessa hættu. Í þessu sambandi er athyglisvert að í 3. mgr. um upplýsingar með umsókn um tilraunaleyfi er ekki farið fram á upplýsingar um náttúrufar viðkomandi svæðis. Úr því þarf að bæta.

Í 17. gr. um reglugerðarheimildir ráðherra eru taldir upp fjórar stofnanir sem ráðherra skal eftir því sem við á leita til um umsagnir við setningu reglugerða. Engin þessara stofnana heyrir til umhverfisráðuneytisins, sem er óeðlilegt að mati Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

